



Alþingi
Erindi nr. P 135/176/
komudagur 11. 3. 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2008
Tilvísun: 200802-0024

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að stofnað verði sérstakt Loftslagsráð, sem verði m.a. umræðu- og samráðsvettvangur um leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Loftslagsbreytingar af mannavöldum, vegna útblásturs gróðurhúsalofttegunda er talin ein mesta samfélagslega og efnahagslega ógnin sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir. Afleiðingar þeirra munu gæta um allan heim og bitna mest á launafólki og einstaklingum sem standa höllum fæti.

Ísland, eins og önnur iðnríki, ber skylda til þess að fara fremst í flokki í baráttunni við loftslagsbreytingarnar m.a. með því að draga verulega úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Evrópusambandið hefur lagt fram metnaðarfullar tillögur um aðgerðir til að sporna við loftslagsbreytingum og munum við Íslendingar verða að undirgangast ákvarðanir sambandsins á grundvelli EES-samningsins. Ljóst er að áhrifa loftslagsbreytinga og aðgerða til að sporna við þeim mun hafa víðtæk áhrif hér á landi, ekki einungis efnahagsleg áhrif heldur jafnframt veruleg áhrif á samfélagið og atvinnulífið.


Á þessari stundu liggur fátt fyrir um hver þessi áhrif raunverulega verða, hversu umfangsmikil þau verði, hverjir verði fyrir þeim né hverjir komi til með að bera kostnaðinn af þeim. Umræðan um þessi mál hefur til þessa nær eingöngu verið innan þröngs hóps fólks og nánast einskorðast við ákveðna umhverfisþætti og áhrif á náttúruna og lífríkið, en minna hefur verið fjallað um afleidd áhrif breytinganna á samfélagið, atvinnulífið og efnahagslífið.

Alþýðusambandið telur mikilvægt að fram fari sem fyrst, opin umræða um áhrif loftslagsbreytinganna og viðbrögðum við þeim, út frá víðu sjónarhorni þar sem greind verði áhrifin á íslenskt samfélag, atvinnulíf og efnahagslíf. Mikilvægt er að svara spurningum um það hvaða afleiðingar breytingarnar

muni hafa, hverjir verði fyrir þeim, hvernig eigi að aðstoða launafólk og atvinnulífið við að takast á við þær og hvernig eigi að skipta kostnaðinum.

Alþýðusambandið fagnar tillögu um stofnun breiðs umræðu- og samráðsvettvangs um loftslagsbreytingar og leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Alþýðusambandið er hins vegar ekki að öllu leyti sammála því sem fram kemur í greinagerðinni með frumvarpinu og getur því ekki tekið undir hana.

F.h. Alþýðusambands Íslands

A handwritten signature in black ink, reading "Ingunn S. Þorsteinsdóttir", written over a horizontal line.

Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 135/1926
komudagur 28.3.2008

FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 26. mars 2008

Umsögn Félags íslenskra náttúrufræðinga er varðar tillögu til þingsályktunar um Loftlagsráð, 62. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga barst bréf frá Menntamálanefnd Alþingis dagsett 14. febrúar 2008 þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um þingsályktunartillögu um Loftlagsráð, 62. mál.

FÍN gerir ekki athugasemdir við þessa þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga


Marianna H. Helgadóttir, framkvæmdastjóri FÍN

Alþingi
Erindi nr. P 135/159/
komudagur 27.2.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 25.02.2008.


Efni: Umsögn Landssamtaka skógareignenda um tillögu til þingsályktunar (þingsj. 62-62. mál) um Loftslagsráð.

Landssamtök skógareignenda (LSE) gerir ekki athugasemd við hugmyndir að setja á fót Loftslagsráð. Ný stofnun eða ráð sem stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra skaðlegra efna væri örugglega til bóta fyrir Ísland til að ná þeim markmiðum sem alþjóðlegir samningar í loftslagsmálum gera ráð fyrir.

LSE vill þó benda á að samtökin telja það ekki raunhæft markmið að draga úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda um nær 100% eins og fram kemur í greinagerð með þingsályktunartillögunni.

Landssamtök skógareignenda yrðu reiðubúin til að veita upplýsingar um bindingu kolefnis í bændaskógum og vinna frekar með hópi fólks sem hefði það markmið að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. LSE leggur því til að samtökin fengju að tilnefna einn fulltrúa í ráðið ef af yrði.

Fh Landssamtaka skógareignenda.


Björn B. Jónsson
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/1823
komudagur 14.3. 2008

Umhverfisnefnd Alþingis
Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2008
2008020014/42-1-3
JGO/mfb

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um Loftslagsráð (62. mál)

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 14. febrúar sl. þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð (62. mál). Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að setja á fót Loftslagsráð sem fái margþætt hlutverk er varðar hin ýmsu verkefni þjóðfélagsins er tengjast loftslagsbreytingum.

Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að til sé samráðsvettvangur um loftslagsmál eins og tillagan gerir ráð fyrir og að sá vettvangur sé með víðtæka aðild og á forræði umhverfisráðherra. Stofnunin bendir á að umhverfisráðherra hefur sett á laggirnar tvær nefndir sem gegna þessu hlutverki núna að einhverju leyti. Annarsvegar er *Vísindanefnd um loftslagsbreytingar* og hins vegar *Sérfræðinganefnd um minnkun nettólosun gróðurhúsalofttegunda* (skelfilegt nafn!). Hlutverk þessara nefnda er að miklu leyti líkt því sem Loftslagsráði er ætlað skv. tillögunni til þingsályktunar, en ekki jafn víðtækt.

Náttúrufræðistofnun ítrekar þá skoðun að samráðsvettvangur á forræði umhverfisráðherra sé mikilvægur á þessu sviði, en tekur ekki afstöðu til þess hvernig hann er settur upp eða hver eigi aðild að honum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 135/1731
komudagur 10.3.2008



2008020069
9140


Alþingi
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2008
/--

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Loflagsráð.

Vísað er til bréfs, dags. 14. feb. sl., þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu til þingsályktunar um Loflagsráð.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við framkomna tillögu.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Alþingi
Erindi nr. P 135/1799
komudagur 13.3.2008

U S T

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

t: (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 10. mars 2008

Tilvísun: UST20080200115/tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál.


Vísað er í bréf frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 14. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um Loftslagsráð, 62. mál. Tillagan er að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að setja á fót Loftslagsráð sem hafi margþætt verkefni svo sem að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og annarra efna sem haft geta skaðleg áhrif á andrúmsloft og loftslagsþróun, að meta líkleg áhrif loftslagsbreytinga á þjóðarhag og þjóðaröryggi, að vera til ráðgjafar um rannsóknþörf og viðbrögð á sviðum sem mestu varða, m.a. um mannvirkjagerð, skipulag byggðar, samgöngur, atvinnuhætti og þróun lífríkis, að miðla fræðslu og rækja alþjóðatengsl sem orðið geti viðfangsefnum ráðsins til framdráttar og að beina að eigin frumkvæði tilmælum til opinberra aðila og annarra eftir því sem tilefni þykja til. Gert er ráð fyrir að í Loftslagsráði eigi sæti, samkvæmt tilnefningu, fulltrúar þingflokka á Alþingi, Sambands íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyta, opinberra stofnana, samtaka á vinnumarkaði og umhverfisverndar- og neytendasamtaka. Umhverfisráðherra skipi formann ráðsins og veiti því nauðsynlega aðstöðu og að kostnaður greiðist úr ríkissjóði. Eigi sjaldnar en annað hvert ár skili Loftslagsráð skýrslu um störf sín sem verði kynnt Alþingi. Skipan og starfshættir Loftslagsráðs skulu endurmetin ekki síðar en að fimm árum liðnum.

Að mati Umhverfisstofnunar er sú vinna sem Loftslagsráði er ætlað að vinna mjög mikilvæg og áriðandi að ríkisvaldið hafi forystu um að koma þeim í framkvæmd. Sérstaklega er mikilvægt að samþætta þátttöku ólíkra geira þjóðfélagsins í aðgerðum sem stuðla að því með einum eða öðrum hætti að bregðast við breytingum í umhverfinu sem verða vegna loftslagsbreytinga. Eins og tillagan er sett fram er ljóst að mörg þau verkefni sem þar eru nefnd heyra nú þegar undir ýmsar stofnanir svo sem Umhverfisstofnun og að full ástæða er til að efla starfsemi á þessu sviði. Samkvæmt tillögunni virðist Loftslagsráð fyrst og fremst eiga að vera ráðgefandi en þó geta komið með tilmæli til opinberra stofnana og annarra eftir því sem tilefni þykir til. Það er þó dálítið óljóst hvaða stöðu ráðið á að hafa í stjórnkerfinu. Umhverfisstofnun telur að það geti verið mjög jákvætt að koma á samráðsvettvangi til að samþætta aðgerðir og til að meta raunverulegt gildi ýmissa aðgerða og rannsókna.



Að mati stofnunarinnar er þó mikilvægt sem fyrsta skref að greina þá vinnu sem er nú í gangi og meta hvar þörf er á að bæta í og ná fram meiri samvinnu.

Virðingarfyllt


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


Trausti Baldursson